

Borgarstjórn Reykjavíkur

5. apríl 2016

Ályktunartillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna, Pírata og Framsóknar og flugvallarvina um auknar tekjur til sveitarfélaga vegna ferðaþjónustu:

Borgarstjórn skorar á Stjórnstöð ferðamála að beita sér fyrir því að sveitarfélögum verði tryggð hlutdeild í tekjustofnum til að mæta auknum straumi ferðamanna til landsins og kostnaði sem sveitarfélög verða fyrir þess vegna. Augljóst er að sveitarfélög um allt land verða fyrir margvíslegum auknum kostnaði vegna umhirðu og aðstöðusköpunar, uppbyggingar innviða og slits á vegum. Tekjur af virðisaukaskatti, gistináttagjaldi og öðrum sköttum af ferðafólki renna hins vegar í ríkissjóð en ekki til sveitarfélaga. Sú yfirlýsta stefna ferðamálaráðherra að gjaldtaka af ferðaþjónustu sé ekki forgangsmál, þar sem ríkissjóður njóti nú þegar milljarða skatttekna af ferðaþjónustu er óásættanleg fyrir sveitarfélög. Málflutningur ráðherra dregur einvörðungu fram hversu ósanngjarn er að sveitarfélög beri fyrst og fremst kostnað en njóti í miklu minna mæli ábata af aukinni ferðaþjónustu en ríkið. Borgarstórn óskar einnig liðsinnis Samtaka aðila í ferðaþjónustu við að vekja stjórnvöld í málinu og knýja á um að gistináttagjald og/eða aðrir tekjustofnar tengdir ferðaþjónustu renni til sveitarfélaga. Að öðrum kosti er hætt við því að sú breiða samstaða sem hefur verið um að byggja upp öfluga ferðaþjónustu um allt land bresti.